Reglur um akstursþjónustu fyrir eldra fólk í Kópavogi

SKV. 29 GR. LAGA FÉLAGSÞJÓNUSTU SVEITARFÉLAGA MEÐ SÍÐARI BREYTINGUM NR. 40/1991

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

1. gr.

Markmið og forsendur

Meginmarkmið akstursþjónustu fyrir eldra fólk í Kópavogi er að efla sjálfstæði og stuðla að því að fólk geti búið í heimahúsi sem lengst. Þjónustan er ætluð ~~Akstursþjónustan er fyrir~~einstaklingum ~~-~~67 ára og eldri~~,~~ ~~-~~með lögheimili í Kópavogi, sem búa sjálfstætt í heimahúsi og geta ekki nýtt eigið farartæki eða almenningssamgöngur vegna öldrunartengdra skerðinga. Eldra fólk með staðfesta lögblindu getur~~a~~ sótt um akstursþjónustu á grundvelli samnings við Blindrafélagið.
~~hafa ekki aðgang að eigin farartæki og eru ófærir um að nota almenningssamgöngur.~~

~~Akstursþjónusta er í undantekningartilvikum veitt þegar um tímabundna hreyfihömlun er að ræða, óháð aldri.~~

~~Hafi umsækjandi nýtt sér akstursþjónustu fyrir 67 ára aldur, á grundvelli reglna um ferðaþjónustu fatlaðs fólks, á hann rétt á að halda þeirri þjónustu áfram og greiðir áfram sama gjald.~~

2. gr.

Skilgreiningar á ferðum, fjöldi ferða og þjónustusvæði

Ferð er skilgreind sem akstur milli tveggja staða en ekki akstur fram og til baka. Hámarksfjöldi ferða er 16 ferðir í mánuði. Heimilt er að veita tímabundið fleiri ferðir við eftirfarandi skilyrði eða að undangengnu félagslegu mati á aðstæðum umsækjanda:

- Akstur til að sækja læknismeðferð eða endurhæfingu á sjúkrahúsi eða endurhæfingarstofnun.
- Akstur í skipulagt félagsstarf aldraðra.
- Akstur í dagdvöl~~vist~~ aldraðra utan bæjarfélagsins, sé fullreynt að viðkomandi komist ekki í dagdvöl~~vist~~ í Kópavogi.

Þjónustusvæði er höfuðborgarsvæðið frá Hafnarfirði í suðri og Kjalarnes í norðri.

3. gr.

Gjaldtaka

Greitt er ~~Gjald~~ fyrir akstursþjónustu skv. gildandi gjaldskrá sem ~~er ákveðið af bæjarráði og gjaldskrá er~~ birt er á heimasíðu bæjarins. Hærra gjald er innheimt fyrir ferðir umfram 16 ferðir á mánuði, en á grundvelli tekna umsækjanda og félagslegs mats er heimilt að veita undanþágu frá hækkun gjaldsins og greiðir umsækjandi þá sama gjald fyrir allar ferðir.

Gjald með leigubíl skv. samningi við Blindrafélagið fer eftir gjaldskrá Blindrafélagsins.

4. gr.
Umsóknarferli og úthlutanir, rökstuðningur synjunar

Sótt er um með rafrænum hætti á heimasíðu Kópavogsbæjar en einnig er hægt að nálgast umsókn til útprentunar á www.kopavogur.is sem skilað er til þjónustuvers Kópavogsbæjar, Digranesvegi 1.

Í umsókn þarf að koma fram ástæða fyrir umsókn og rökstudd ósk um fjölda ferða. Læknisvottorð og/eða greinargerð annarra fagaðila skal fylgja umsókn.

Umsóknir eru lagðar fyrir fagfund eins fljótt og auðið er eftir að umsókn og gögn hafa borist. Umsókn er fyrst og fremst metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningsvagna eða aðra ferðamöguleika.

~~Umsækjanda er tilkynnt bréflega um úthlutun innan sjö daga frá ákvörðun.~~

Notanda ber að tilkynna velferðarsviði um allar breytingar sem verða á högum hans og snerta þessa þjónustu. ~~Umsókn um akstursþjónustu skal senda til velferðarsviðs Kópavogs eða rafrænt á þjónustugátt á heimasíðu Kópavogsbæjar. Með umsókn þarf að fylgja rökstuðningur fagaðila.~~

~~Umsækjendum er tilkynnt bréflega um niðurstöður umsóknar innan fjórtán daga frá því að umsókn berst. Sé umsókn hafnað, skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til áfrýjunar til velferðarráðs Kópavogs.~~

~~Notanda ber að tilkynna velferðarsviði um allar breytingar sem verða á högum hans og snerta þessa þjónustu.~~

5. gr.
Framkvæmd og tilhögun ferða

Þegar umsókn hefur verið samþykkt getur ~~umsækjandi~~ notandi snúið sér beint til framkvæmdaraðila akstursferðaþjónustunnar, sem tekur á móti beiðnum notenda, veitir upplýsingar um aksturstíma og skipulagningu ferða.

Mikilvægt er að farþegar séu tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á tilsettum tíma. Sé ástæða til aðstoðar bílstjóri farþega frá anddyri og inn í bíl. Ekki er beðið eftir farþega á meðan hann sinnir erindum sínum og bílstjórum er ekki heimilt að sinna erindum fyrir farþega.

Farþegar þurfa að vera viðbúnir því að tafir og breytingar á áætlun geti orðið, einkum vegna slæmrar færðar eða annarra hindrana.

6. gr.
Öryggismál og tengd atriði

~~Ferðaþjónusta~~ Akstursþjónusta er veitt af framkvæmdaraðila sem sinnir þjónustu skv. samningi við Kópavogsbæ. Allur bílakostur er útbúinn samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja og er öryggisprófaður.

Akstursaðili ~~ferðaþjónustu~~ Kópavogsbæjar tekur á sig ábyrgð á ráðningu bifreiðastjóra og að starfsmenn séu með fullgild ökuréttindi, aukin ökuréttindi og hafi sótt skyndihjálparnámskeið. Óheimilt

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

er að ráða starfsmann til aksturs í akstursferðaþjónustunni sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla, 211. gr. eða 218. gr. almennra hegningarlaga. Hafi starfsmaður verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga skal meta áhrif þess á hæfi viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins.

~~Atvikaskrá ber að gera hjá báðum aðilum; velferðarsviði Kópavogsbæjar sem hefur umsjón með ferðaþjónustunni og akstursaðila sem er verktaki. Þar ber að skrá atvik og kvartanir sem upp kunna að koma.~~

7. gr.

Akstur fyrir aldraða til og frá stofnunum

~~Reglur þessar gilda aðeins um þá er búa á eigin heimili. Sé viðkomandi á hjúkrunarheimili má í rökstuddum undantekningartilvikum veita viðkomandi akstursþjónustu til að sinna einkaerindum og fyrirbyggja félagslega einangrun.~~

~~Aldraðir sem búsettir eru á hjúkrunarheimilum og þurfa að leita þjónustu utan stofnunarinnar, s.s. sérfræðilæknishjálpar, rannsókna og sjúkraþjálfunar eiga ekki rétt á akstursþjónustu vegna þeirra erinda, sbr. ákvæði 14. gr. laga um málefni aldraða nr. 125/1999 þar sem fram kemur að slíkum stofnunum beri að tryggja að þar sé veitt hjúkrunar- og læknisþjónusta auk endurhæfingar.~~

Reglur þessar gilda ekki um akstursþjónustu fyrir eldra fólk sem búsett er á stofnunum s.s. hjúkrunarheimilum sbr. ákvæði 14. gr. laga um málefni aldraða nr. 125/1999.

8. gr.

Akstur í dagdvöl~~vist~~ fyrir aldraða

Akstur í dagdvöl~~vist~~ fyrir aldraða fer skv. 13. gr. l~~-~~aga nr. 125/1999 um málefni aldraða og reglugerð nr. 45/1990 um dagdvöl~~vist~~ aldraðra sem kveður á um skyldu rekstraraðila til að annast um og bera kostnað af akstur~~flutning~~sþjónustu fyrir þá sem dag~~v~~dvölina~~istina~~ sækja, til og frá heimili sínu.

~~Aðeins er niðurgreitt vegna aksturs í dagvist utan Kópavogs, sé það ljóst að einstaklingur geti ekki nýtt sér dagvist innan sveitarfélagsins.~~

~~**9. gr.**~~

~~**Akstur vegna tímabundinnar hreyfihömlunar**~~

~~Akstursþjónusta er í undantekningartilvikum veitt þegar um tímabundna hreyfihömlun er að ræða, óháð aldri. Miðað skal við að umsækjandi hafi ekki hærri tekjur en örorkubætur frá TR.~~

~~**10. gr.**~~

~~**Áfrýjun**~~

~~Umsækjandi getur skotið ákvörðun um úthlutun til velferðarráðs innan þriggja mánaða frá ákvörðun. Jafnframt skal honum kynntur áfrýjunarréttur til úrskurðarnefndar velferðarmála þegar niðurstaða velferðarráðs liggur fyrir.~~

~~**11.gr.**~~

~~**Gildistaka**~~

~~Reglur þessar eru settar samkvæmt 29. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum.~~

~~Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn Kópavogs þann 26. september 2019.~~uppfæra

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

9. gr.

Viðeigandi aðlögun

Við alla vinnslu og meðferð umsókna samkvæmt reglum þessum skal tryggja að viðeigandi stuðningur, aðstoð og leiðbeiningar séu veittar til að umsækjandi geti nýtt sér stuðninginn. Í því felst m.a. að upplýsingar séu settar fram á því formi sem viðkomandi einstaklingur getur nýtt sér, tryggt sé að hann komi sínum sjónarmiðum á framfæri og sé kynntur réttur sinn til að vísa máli sínu lengra, telji hann þörf á.

10. gr.

Málshraði

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn berst. Sama á við ef velferðarsviði Kópavogs berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Velferðarsvið Kópavogs skal taka ákvörðun í máli án óhóflegra tafa og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

11. gr.

Endurskoðun

Rétt til akstursþjónustu fyrir eldra fólk má endurskoða hvenær sem er með tilliti til aðstæðna og stuðningsþarfa.

12. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

13. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málsgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskylda helst eftir að starfsmaður lætur af störfum.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 og lögum um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014.

16. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsfólk velferðarsviðs Kópavogs bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

starfsfólk einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum.

17. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsfólk velferðarsviðs Kópavogs tekur ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði sviðsstjóra velferðarsviðs.

18. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu á afgreiðslu umsóknar með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á endurskoðun ákvörðunar. Umsækjandi getur áfrýjað ákvörðun velferðarsviðs Kópavogs til velferðar- og mannréttindaráðs Kópavogs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Um leið skal honum kynntur réttur hans til að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Ákvörðun velferðar- og mannréttindaráðs Kópavogs skal kynnt umsækjanda bréflega og aftur kynntur réttur hans til að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar velferðarmála.

19. gr.

Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur kært ákvörðun velferðarsviðs og/eða velferðar- og mannréttindaráðs Kópavogs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun sviðsins eða ráðsins eftir því sem við á.

20. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi þann xx. xx 2026. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um akstursþjónustu fyrir eldra fólk í Kópavogi frá 8. desember 2020

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026